

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 117/2001

frá 28. september 2001

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2001 frá 19. júní 2001⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 frá 17. janúar 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum, sjálfstætt starfandi einstaklingum og fjölskyldum þeirra sem flytjast milli aðildarríkja⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Vegna lagabreytinga á Íslandi er nauðsynlegt að breyta aðlögunartextanum í 2. lið VI. viðauka við samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 238, 6.9.2001, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 44, 6.9.2001, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 14, 18.1.2001, bls. 16.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á 2. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72) í VI. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við á undan aðlögunartextanum:

„- **32001 R 0089:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 frá 17. janúar 2001 (Stjtíð. EB L 14, 18.1.2001, bls. 16)“.
2. Eftirfarandi komi í stað textans í þætti „P. ÍSLAND“ í b-lið í aðlögunartextanum:
 - „1. Veikindi, meðganga og fæðing:
 - a) Veikindi
Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík
 - b) Meðganga og fæðing:
Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík
 2. Örorku-, elli- og dánarbætur (lífeyrir):
 - a) Lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar:
Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík
 - b) Lífeyrir samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða:
Lífeyrissjóður sem viðkomandi aðili greiddi ðgjöld til.
Samskiptastofnun fyrir lífeyrissjóðina er Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.
 3. Bætur vegna vinnuslysa og atvinnusjúkdóma:
 - a) Aðstoð og lífeyrir samkvæmt lögum um almannatryggingar
Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.
 - b) Lífeyrir samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða:
Lífeyrissjóður sem viðkomandi aðili greiddi ðgjöld til.

Samskiptastofnun fyrir lífeyrissjóðina er Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík.

4. Atvinnuleysisbætur:
Vinnumálastofnun, Reykjavík.
5. Fjölskyldubætur:
 - a) Fjölskyldubætur að undanskildum barnabótum:
Tryggingastofnun ríkisins, Reykjavík
 - b) Barnabætur og barnabótauki:
Ríkisskattstjóri, Reykjavík“.
3. Eftirfarandi komi í stað textans í 2. hluta (atvinnuleysisbætur) í þætti „P. ÍSLAND“ í c-lið í aðlögunartextanum:
„Atvinnuleysisbætur:
Vinnumálastofnun, Reykjavík“.
4. Eftirfarandi komi í stað textans í 2. hluta (atvinnuleysisbætur) í þætti „P. ÍSLAND“ í f-lið í aðlögunartextanum:
„Atvinnuleysisbætur:
Vinnumálastofnun, Reykjavík“.
5. Eftirfarandi komi í stað texta fyrstu málsgreinar 1. hluta í þætti „P. ÍSLAND“ í m-lið í aðlögunartextanum:
„Vegna beitingar d-liðar 2. mgr. 13. gr., a-liðar 1. mgr. 14. gr., b-liðar 2. mgr. 14. gr., a-liðar 1. mgr. í gr. 14a, 2. mgr. í gr. 14a, 4. mgr. í gr. 14a, 1. mgr. í gr. 14b, 2. mgr. í gr. 14b, 4. mgr. í gr. 14b, a-liðar í gr. 14c og gr.14e í reglugerðinni og 11. gr., gr. 11.a, a-liðar 2. mgr. í gr. 12a, c-liðar 5. mgr. í gr. 12a, a-liðar 7. mgr. í gr. 12a og gr. 12b í framkvæmdarreglugerðinni.“
6. Eftirfarandi komi í stað texta annarrar málsgreinar 4. hluta í þætti „P. ÍSLAND“ í m-lið í aðlögunartextanum:
„Vinnumálastofnun, Reykjavík“.

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 89/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.